

PRÓFREGLUGJÖRÐ**45**

16. apríl

fyrir

Stýrimannaskólan í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 17, 4. júní 1924 og reglugjörð 24. sept. s. á., um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað útheimtist til þeirra.

I.**Ákvæði ýmislegs efnis.****1. gr.**

Burtfararpróf skulu haldin í aprílmánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stund- að þar nám, skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu beiðni um það minst 2 mánuðum áður, og skulu beiðninni fylgja vottorð um að umsækjandi fullnægi þessum kröfum:

1. Að hann hafi siglt eins lengi og gildandi lög um atvinnu við siglingar mæla fyrir, til þess að geta orðið stýrimaður á skipi, sem prófið nær til, og skal sanna siglingatímann með sjóferðabók.
2. Að hann hafi þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
3. Að hann kunni sund.
4. Að hann sje eigi haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum skaðvænn.
5. Að hann hafi óspilt mannorð.
6. Skírnarvottorð.

Svo skal hann og senda vottorð um þann undirbúning er hann hefir fengið.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sjer sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna. Orðabækur mega prófsveinar ekki hafa við úrlausnir stíla.

4. gr.

Við burtfararprófin skulu, auk kennarans sem prófar, vera tveir próf-

- 45** dómendur í hverri grein, og skipar dóms- og kirkjumálaráðuneytið til þess
 16. apríl sjerfræðinga eftir föngum. Það skipar einn þeirra formann prófnefndarinnar.
 Munnleg próf skulu haldin í bæyranda hljóði.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin, hvorir í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnunum vera minst í svo mörgum eintökum að hver prófsveinn fái eitt.

6. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar, sem ganga undir samskonar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið, en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram hve margar einkunnir sjeu gefnar fyrir verkefnið, svo og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa.

7. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu og getur hann þá snúið sjer til eftirlitsmanns.

8. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Kennarar skólans mega ekki vera eftirlitsmenn, að minsta kosti ekki við þær greinar, sem þeir hafa kent. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á að engum brögðum sje beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu. Hinir skipuðu prófdómendur eru eftirlitsmenn. Ef prófdómendur eru eigi eins margir og eftirlitsmenn þurfa að vera, þá skipar dóms- og kirkjumálaráðuneytið menn þessa eftir þörfum.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sjer, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar víkið frá prófi, og skal svo álitid að hann hafi eigi staðist prófið.

9. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því sem hann var óprófaður, jafnskjótt og því verður viðkomid á sama próftíma.

10. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sjer ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar rekið prófsveininn frá prófinu.

11. gr.

45

Áður en prófið byrjar skal prófnefndin semja próftöflu, er skal und- 16. apríl
irrituð af formanni prófnefndarinnar og fest upp í stýrimannaskólanum minnst
degi áður en prófið byrjar. Skulu hlutaðeigandi prófdómendur og prófsveinar
mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnlegar spurningar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og
má aðeins eitt verkefni vera á hverjum seðli. Við prófið dregur hver próf-
sveinn sínar spurningar. Prófsveinar skulu prófaðir eftir stafrófsröð. Ef tveir
eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti skal aldur ráða, og skal sá eldri próf-
aður fyr.

13. gr.

Fyrir svör í hverri spurningu skulu prófdómendur gefa einhverja af
einkunnum þeim, sem hjer eru taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá
þeim standa: þrýðilega = 8, ágætlega = 7, ágætlega ÷ = 6, dável = 5, dável
÷ = 4, vel = 3, vel ÷ = 2, laklega = 1, laklega ÷ = 0, illa = ÷ 1,
illa ÷ = ÷ 3, afarilla = ÷ 5.

II.

Prófkröfur.

14. gr.

Kröfurnar til fiskimannaprófs eru þessar:

Í siglingafræði:

1. *Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaríþma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að búa þá til, þekking á grundvallarsetningum hornfræðinnar og á útreikningi rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni. Í tugakerfinu, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu; í algengum reikningi með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; í hlutfallslíkingu að finna óþekta tölu; veldi talna og tvíveldisrótaráútdrátt; í margföldun, deilingu, veldisupphafningu og rötaráútdrætti með notkun logaríþma; þekking á beinum og bjúgum línunum, flötum þríhyrningum, ferhyrningum, hringum og línunum þeirra, á sporbaugum, kúlum, sporbaugskúlum; kunnátta í að skifta beinum línunum, að draga upp og fella línu beint niður á aðra, að draga línu sam-
síða annari beinni línu, að afmarka horn, er sje jafnstórt öðru tilteknu horni, skifta horni í tvo jafnstóra parta, að skifta hring í 2, 4, 6, 8 jafn-*

45
16. apríl

- stóra parta; þekking á þríhyrningalínunum og notkun þeirra við útreikning á rjetthyrndum flötum þríhyrningum.
2. *Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd.* Miðjarðarbaug, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, kompáslínunum, breidd og lengd, stefnu, vegalengd, breiddarmun, lengdarmun, afviki.
 3. *Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju (deriation) og hvernig hún verður fundin. Á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.* Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu pörtum kompásins og mismunandi tegundum þeirra, sólspjaldi, miðunarspjaldi misvísun og breytingum á henni; halla, breytingum á honum og áhrifum á kompásinn; segulskekkju og hvað henni veldur, breytingum á henni, segulskekkjutöflum, að finna rjetta stefnu og miðun með hliðsjón af segulskekkju og misvísun, að ákveða misvísun af stefnum og miðunum þegar þær eru gefnar eftir rjettum áttum og seguláttum; að ákveða segulskekkju af stefnum og miðunum, þegar þær eru gefnar eftir seguláttum og kompásáttum. Þekking á skriðmælinum og pörtum hans, á vegmælinum og pörtum hans, grunnlóði, djúplóði og notkun allra þessara áhalda.
 4. *Skyn á sjókortum.* Á aðalreglum um tilbúning sjókorta eftir Merkatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línunum, og þekking á hvað standa eigi á sjókortum og hvernig þau eru notuð.
 5. *Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins á kortinu.* Þekking á tilgangi skipsdagbókar, og hversu í hana skuli rita; að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlegra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar staður sá, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna stefnu þá á kortinu, sem halda á, og leiðrjetta þá stefnu fyrir straum og öðrum áhrifum á hana, svo fundin verði sú stefna sem stýra á eftir kompásnum; að finna þá vegalengd er halda skal og hve langt um líði þangað til komist verði til ákveðins staðar.
 6. *Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum himinhvolfsins, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.* Þekking á heimsásnum, miðhiminbaug, vorhnútsfirðarbaugum (rectascensionsbaugum), samfarabaugum (deklinationsbaugum), tímabaugum, dagbaugum, sjónbaugum, azimúthbaugum (hvirfilbaugum), hæðarbaugum, vorhnútsfirð, miðbaugsfirð, tímahornum, hvirfilhornum, hæð, viki (amplitude), afstöðu heimsássins við sjónbauginn, dagbogum og náttbogum himinhnatta, æsæjum og ósæjum stjörnum, hinni daglegu hreyfingu.

- ingu, áhrifum breiddar og deklinationar á hæð himinhnatta; á sólbraut-arbaug og hreyfingu sólarinnar eftir honum.
7. *Pekking á sextanti (sextungi) og notkun hans.* Grein á helstu pörtum sextantsins, skiftingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna, og á því hversu hún skal prófuð og lagfærð; á markrjettingu og hvernig hún finst.
 8. *Pekking á mælingu og skiftingu tímans.* Grein á stjörnudegi, stjörnu-tíma, sóldegi, sóltíma, meðaldegi, meðaltíma, meðalsól, tímajöfnuði, trópisku sólári, almanaksári.
 9. *Pekking á hæðarleiðrjettingum himinhnatta.* Á lækku hafsbrúnar, geisla-broti, sjónarmun (parallaxis) og hálfum þvermæli. Finna verður og nota leiðrjettingarnar annaðhvort hverja fyrir sig eða allar í einu.
 10. *Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.* Hann skal fundinn með viðeigandi töflum.
 11. *Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju við hæðarhvirfilhorn (hæð-arazimuth) sólar eða fastastjörnu.* Misvísunin eða segulskekkjan skal fundin með því, að mæla hæð sólarinnar og miða hana samtímis, eða með því að miða hana þegar hún rís eða rennur, eða á þann hátt að mæla hæð fastastjörnu og miða hana samstundis.
 12. *Að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjörnu í hádegis-baug.* Breiddina skal finna af hæðarathugun sólar eða fastastjörnu í há-boga og lágboga.
 13. *Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnnunnar.* Misvísun eða segulskekkju skal finna með því að miða pólstjörnnuna og finna azimuth hennar úr viðeigandi töflum.
 14. *Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.* Við það skal nota sjáv-arfallatöflur, og hafnartíma eða flóðmun.
 15. *Pekking á alþjóðlegum siglingareglum og bjargtækjum.* Pekking á regl-um þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota algengustu bjargtæki við björgun úr sjávarháska.
 16. *Að kunna að nota alþjóðlega merkjabók.* Pekking á að kunna að gefa og taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum og fjarlægðar-merkjum, svo og með bendingum eftir aðferð Morses.

Í íslensku: Að hafa lesið að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku líta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenskt mál í ræðu og riti, sjerstaklega í þeim efnum, er stöðu þeirra heyra. Prófsveinninn skal þekkja orðflokkan og hljóðvörpin og kunna nokkuð í beygingum. Hann skal geta samið sæmilega stílaða og stafsetta ritgerð um efni, er snertir sjómensku.

45 Í dönsku: *Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 100 bls. 16. apríl í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er sjómensku snertir. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helstu atriði danskrar málfræði.*

Í ensku: *Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., einkum um sjómensku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, sem gerist á sjó. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helstu atriði enskrar málfræði.*

Í sjórjetti: *Að þekkja helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra. Þekking á helstu íslenskum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, rjettindum og skyldum hans á skipinu, um vald skipstjóra og ábyrgð á eigin gjörðum og gjörðum skipverja; skilyrðum til að vera stýrimaður og vélstjóri, rjettindum og skyldum þeirra á skipinu, og rjettinda annara skipverja, um ráðning skipverja.*

Í heilsufræði: *Að hafa fengið yfirlit yfir það helsta, sem stendur í lækningabókum sjómanna, og sje einkum lögð áhersla á þessi atriði:*

1. *Algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.*
2. *Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.*
3. *Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.*
4. *Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur á skipum, hirðingu þeirra og umgengni alla, matvæli og fæði skipverja.*

Í bókhaldi: *Að kunna það bókhald, sem staðan heimtar. Helstu atriði tvöfaldrar bókfærslu.*

15. gr.

Til farmannaprófs er krafist:

Í siglingafræði hins sama og til fiskimannaprófsins, og enn fremur:

1. *Fyllri þekking á veldi og rót, á logarípmum, á reikningi með viðlægum og frádrægum stærðum, á almennustu myndum rúmmálsfræðinnar og á útreikningi þeirra. Þekking á hvað skilið sje við veldi og rót, logarípma, og hvernig þeir komi fram; skyn á samlaga og samfalla þríhyrningum; jafnskiftum mælikvarða og strengkvarðanum; að draga hring gegnum 3 gefna punkta, að draga sneiðboga (segment) yfir tilnefnt horn; að finna óþekta parta í þríhyrningi með uppdrætti; þekking á máleiningum flata á flatarmáli þríhyrninga, ferhyrninga, rjettthyrninga, marghyrninga og hringflata; á máleiningu líkama, á rúmmáli tenings, strendings (prisma), strýtu, kúlu, keilu og sívalnings; á stærðum þríhyrningalínanna í fyrsta og öðrum fjórðungi og hversu þær breytast með horninu.*
2. *Þekking á himintunglum. Á almennu yfirliti yfir sólkerfið, og að þekkja skærustu fastastjörnurnar.*

3. *Pekking á hallasegulskekkju og á notkun skekkjumælisins (defloktors- 45*
ins) við rannsókn segulskekkju. 15. apríl
4. *Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reiki-
 stjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af
 athugun tunglsins í hágöngu (háþoga). Tímahorn himinhnattarins skal
 finna annaðhvort með því að nota sjóúrið og lengdina, eða með því að
 taka tillit til stöðu athuganaúrsins, er ákveðin sje við undangengna eða
 síðargerða athugun; við athugun himinhnattar fyrir utan hádegisbaug-
 inn skal finna breiddina annaðhvort með því að reikna kúlupríhyrning-
 inn milli hvirfildepils, himinskaútsins og himinhnattarins, eða með því
 að reikna út hæðaraukann, sem leggja á við tvímiðjuhæðina til þess að
 fá hæðina í hágöngu. Tunglið skal aðeins mælt í háþoga.*
5. *Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.
 Þekking á því, hvar sjóúrið á að vera í skipinu, hversu með það skuli
 fara þegar það er flutt í skipið eða úr því, og á ferðum skipsins. Stöðu
 sjóúrsins skal finna með tímathugun við himinhnetti, bæði yfir hafs-
 brún og gerfiláflöt, við samanburð á öðru úri og við tímamerki.*
6. *Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu
 eða reikistjörnu. Hjer skal nota tímahornsútreikninginn og meðaltímann
 í Greenwich.*
7. *Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínunum, byggðum á athugun
 sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu. Þekking á jafnhæðarbaugum og stefnu
 staðarlínu í sambandi við jafnhæðarbauga; finna skal stað skipsins með
 því að mæla samtímis hæð tveggja himinhnatta, eða mæla hæð himin-
 hnatta á mismunandi tíma og taka tillit til þess, er siglt hefir verið
 milli athugananna; staðarlínan á kortinu sje fundin með útreikningi
 tveggja punkta í jafnhæðarbaug eða með hæðarreikningi og azimuthhi
 annaðhvort hæðarazimuthi eða tímaazimuthi); misvísun eða segulskekkja
 skal verða fundin með þessum athugunum.*

Í íslensku: *Að hafa lesið að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., í
 lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær vel. Efnið skal þannig valið, að
 nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku líta. Jafnframt skulu
 þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með
 íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á vönduðu máli og með góðri
 stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þauð
 og skilríki, er staða þeirra heimtar. Nemandi skal sýna rjettan skilning á
 því, sem hann hefir lesið, og þekkja orðflokkana og beygingar þeirra nokk-
 urnveginn vel. Hann skal þekkja helstu hljóðbreytingar málsins og kunna að
 aðgreina nokkuð höfuðsetningar og aukasetningar.*

Í dönsku: *Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls.
 í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna,
 og geta talað dönsku sëmílega, einkum um það, er sjómensku snertir, svo og*

45 að geta skrifað nokkurveginn rjettan danskan stíl um samskonar efni og 16. apríl hefir verið lesið. Nemandi verður að kunna öll helstu atriði danskrar málfræði og geta talað málið, einkum um þau efni, er snerta stöðu hans.

Í ensku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., sjerstaklega um líf og starf sjómanna, skúlja „Nautical Almanack“ og geta talað ensku nokkurnveginn, einkum um það, er sjómensku heyrir, svo sem um skip og skipsbúnað, sjómannastörf, sætjón, sjóveð o. s. frv., svð og að geta skrifað nokkurnveginn rjettan enskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið. Nemandi verður að kunna helstu atriði enskrar málfræði og geta talað málið, einkum um þau efni, er snerta stöðu hans.

Í sjórjetti og heilsufræði: Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs.

Í bókhaldi: Að kunna svo tvöfalda bókfærslu, að hann geti fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rækstursreikning þess.

Í viðskiftafræði: Helstu atriði almennrar viðskiftafræði.

III.

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófin.

Fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

16. gr.

Við fiskimannaprófið skulu gefnar 17 einkunnir, sem sje:

Í siglingafræði: 8 einkunnir fyrir 4 skriflegar, 3 munnlegar — þar af 1 í stærðfræði — og 1 einkunn fyrir kunnáttu í að nota sextant.

Í alþjóðlegum ákvæðum (15. og 16. lið í 14. gr. hjer að framan): 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Í íslensku: 2 einkunnir fyrir munnlega og skriflega úrlausn.

Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Í sjórjetti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Svo skal og gefa 1 einkunn fyrir ritleikni.

Við farmannaprófið skulu gefnar 23 einkunnir, sem sje:

Í siglingafræði: 11 einkunnir fyrir 7 skriflegar — þar af 1 í stærðfræði —, 3 munnlegar — þar af 1 stærðfræði — og 1 einkunn fyrir kunnáttu í að nota sextant.

Í alþjóðlegum ákvæðum: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.

Í íslensku: 2 einkunnir fyrir munnlega og skriflega úrlausn.

Í dönsku: 2 einkunnir fyrir munnlega og skriflega úrlausn.

Í ensku: 2 einkunnir fyrir munnlega og skriflega úrlausn.

Í sjórjetti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.
 Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.
 Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.
 Í viðskiftafræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn.
 Svo skal og gefa 1 einkunn fyrir ritleikni.

45

16. apríl

17. gr.

Til þess að standast próf, útheimtist:

- a. Fyrir hverja kenslugrein, sem ein einkunn er gefin fyrir, minst einkunnin 3.
- b. Meðaleinkunn minst 4.

Hæsta aðaleinkunn við fiskimannaprófið verður þannig 136 stig, en lægsta einkunn 68 stig.

Hæsta aðaleinkunn við farmannaprófið verður 184 stig, en lægsta einkunn 92 stig.

18. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefir staðist, fær prófskírteini, er sýnir aðal-einkunn hans og sjereinkunnir. Prófskírteinið skal gefið út á íslensku og ensku eftir fyrirmyndum þeim, sem hjer fara á eftir.

1. fyrirmynd.

N. N. (fult nafn).

fæddur (fæðingarstaður, -dagur og -ár)

hefir staðist

hið íslenska fiskimannapróf,

en til þess útheimtist:

(Hjer skal talið það, sem útheimtist samkv. 5. gr. í lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík).

og hlotið þessar einkunnir:

Í skriflegri siglingafræði	“ stig
– munnlegri siglingafræði	“ —
– stærðfræði	“ —
– notkun sextants	“ —
– alþjóða siglingaákvæðum	“ —
– íslensku	“ —
– dönsku	“ —
– ensku	“ —
– sjórjetti	“ —
– bókhaldi	“ —

45
16 apríl

Í heilsufræði “ stig
– ritleikni “ —

Aðaleinkunn “ stig

(Hæsta aðaleinkunn er 136 stig. Til þess að standast prófið þarf 68 stig).

Reykjavík árið 19..

(undirskrift forstöðumanns).

2. fyrirmynd.

N. N. (fult nafn).

fæddur (fæðingarstaður, -dagur og -ár)

hefir staðist

hið íslenska farmannapróf,

en til þess útheimtist:

(Hjer skal talið það, sem útheimtist samkv. 5. og 6. gr. í lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík).

og hlotið þessar einkunnir:

Í skriflegri siglingafræði	“ stig
– munnlegri siglingafræði	“ —
– stærðfræði	“ —
– notkun sextants	“ —
– alþjóða siglingaákvæðum	“ —
– íslensku	“ —
– dönsku	“ —
– ensku	“ —
– sjórjetti	“ —
– bókhaldi	“ —
– viðskiftafræði	“ —
– heilsufræði	“ —
– ritleikni	“ —

Aðaleinkunn “ stig

(Hæsta aðaleinkunn er 184 stig. Til þess að standast prófið þarf 92 stig).

Reykjavík árið 19..

(undirskrift forstöðumanns).

19. gr.

45

Nöfn þeirra, er undir próf ganga, skal rita í bók, sem dóms- og kirkju-
málaráðuneytið löggildir, og geymist í stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt
frá fullu nafni hvers manns, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, og
frá einkunnum þeim og aðaleinkunn, er gefin var við prófið. Inn í hana skal
færa öll skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ítarlega skýrslu um prófið. For-
stöðumaður skólans sjer um, að prófbókin sje færð. Hún skal undirrituð af
öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófvottorðin undirritar forstöðumaður einn.

20. gr.

Með reglugjörð þessari er feld úr gildi prófreglugjörð fyrir stýrimanna-
skólann í Reykjavík 12. apríl 1916.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1926.

Jón Magnússon.

Sigfús M. Johnsen.

REGLUGJÖRÐ

um

46

12. apríl

viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkaupstað, 9. maí 1922.

Aftan við 5. gr. e. bætist:

Sama aukagjald skal gjalda af skipum, sem á höfninni safna í sig síld,
sem ætluð er til bræðslu, og af dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef
leyft yrði að safna í þau síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra
skipa greiða aukagjaldið tvöfalt.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefir samið og samþykkt,
staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóvember 1915 til að öðlast
gildi 1. maí 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.